



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÓPUNARRÁÐUNEYTÍÐ

Skálagötu 4 150 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is www.anr.is

Reykjavík 31. mars 2014  
Tilv.: ANR14020322/11.3.2

Efni: Forkaupsréttur Hafnarfjarðarkaupstaðar á skipi og framsal aflaheimilda úr sveitarféluginu.

Vísað er í bréf Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 27. febrúar 2014, þar sem fjallað er um sölu skipsins Þórs HF-4 og framsal aflaheimilda skipsins úr sveitarféluginu.

Erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar var sent Fiskistofu til umsagnar þann 11. mars 2014. Svar Fiskistofu barst ráðuneytinu 28. mars 2014. Umsögn Fiskistofu er meðfylgjandi.

**A. 12. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða**

Í framangreindu bréfi vísar Hafnarfjarðarkaupstaður til þess að handvömm Fiskistofu hafi leitt af sér að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til beitingar forkaupsréttar gagnvart sölu á skipinu Þór HF-4.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða segir:

„Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeiri sveitarstjórn sem hlut á að mál og sölувörð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.“

Skv. ákvæðinu er gert ráð fyrir því að sveitarfélag seljanda hafi forkaupsrétt á skipi. Gera verður ráð fyrir því að seljanda skipsins beri að bjóða sveitarféluginu að ganga inn í kaup á skipinu. Tilkynningar skylda vegna sölu skipsins til sveitarfélags seljanda, í þessu tilviki Hafnarfjarðarkaupstaðar, skv. ákvæðinu hvílir því ekki á opinberum aðilum eins og Fiskistofu. Samkvæmt þessu bar seljanda skipsins að tilkynna Hafnarfjarðarkaupstað um sölu skipsins þegar kaupsamningur lá fyrir. Ráðuneytið getur þannig ekki fallist á framangreinda staðhæfingu Hafnarfjarðarkaupstaðar um að sveitarfélagið hafi ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til beitingar forkaupsréttar skv. 3. mgr. 12. gr. laganna vegna handvammar Fiskistofu.

Í framangreindu bréfi er jafnframt vísað til þess að Hafnarfjarðarkaupstað hafi ekki verið boðinn forkaupsréttur á skipinu skv. 12. gr. laga nr. 116/2006. Í ljósí þessa vekur ráðuneytið

	Innk: 1-4-2014
	Málsnr: 1401444
	Bréfsl: 636

athygli á efnisákvæðum 4. mgr. 12. gr. laganna sem fjallar um afleiðingar þess að skipi sé ráðstafað andstætt ákvæðum 12. gr. laganna um forkaupsrétt. 4. mgr. 12. gr. laganna vísar til þess að forkaupsréttarhafi geti krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fækkt vitnesku um söluna.

#### B. Bráðabirgðaákvæði VII. laga nr. 116/2006, um stjórni fiskveiða

Í brefi Hafnarfjarðarkaupstaðar er jafnframt vísað til bráðabirgðaákvæðis VII. í lögum nr. 116/2006 vegna framsals aflaheimilda skipsins Þórs HF-4. Í ákvæðinu er ráðherra veitt heimild til að binda meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveða að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum. Þessi heimild ráðherra er háð tveimur ófrávíjanlegum skilyrðum. Annars vegar er sett það skilyrði að um sé að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmting eða meira. Hins vegar er sett það skilyrði að ætla megi að framsal eða önnur ráðstöfun heirra út fyrir sveitarfélagið eða byggðarlagið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti.

Ætla má, skv. umsögn Fiskistofu, að framseldar aflahlutdeildir skipsins Þórs HF-4 séu yfir fimmtingur af afhlutdeildum skipa í sveitarfélagini. Hins vegar er óljóst hvort síðara skilyrði bráðabirgðaákvæðisins, um að framsal aflaheimilda Þórs HF-4 úr sveitarfélagini eða byggðalaginu hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti, sé uppfyllt. Markmið ákvæðisins er að tryggja atvinnu og búsetu í byggðarlögum og koma í veg fyrir þá röskun sem átt getur sér stað þegar aflaheimildir flytjast burt úr byggðarlögum eða sveitarfélögum. Í ljósi þess að um er að ræða verulega íþyngjandi lagaákvæði gagnvart hlutaðeigandi handhöfum aflaheimildanna verður að gera þá kröfу við túlkun ákvæðisins að hafið sé yfir allan vafa að umrætt framsal til annars sveitarfélags hafi haft veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti í Hafnarfjarðarkaupstað. Í nefndaráliti meirihluta sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, sem síðan varð að lögum nr. 74/2010 telur meiri hlutinn rétt að benda á að þær ákvarðanir sem ráðherra tekur á grundvelli ákvæðisins verða ávallt bundnar af skráðum sem óskráðum reglum stjórnsýsluréttar. Jafnframt segir að ráðherra skuli af þeim sökum m.a. byggja ákvarðanatöku sina á málefhnalegum og lögmætum sjónarmiðum að meðalhófi gættu.

Í athugasemdu við frumvarpið, sem síðar varð að lögum nr. 74/2010, segir jafnframt að rétt þyki að ráðuneytið leiti álíts Byggðastofnunar og viðkomandi sveitarfélags við framkvæmd ákvæðisins og mat á því hvort uppfyllt séu skilyrði samkvæmt því.

#### C. Niðurstaða

Í ljósi skilyrða bráðabirgðaákvæðisins óskar ráðuneytið eftir því við Hafnarfjarðarkaupstað að sveitarfélagið útskýri sjónarmið sín og leggi fram rökstuðning fyrir því að umrætt framsal aflaheimilda úr sveitarfélagini hafi haft veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Með sama hætti mun ráðuneytið jafnframt óska eftir umsögn Byggðastofnunar í samræmi við athugasemdir frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 74/2010. Þegar svör hafa borist mun ráðuneytið óska eftir umsögn handhafa aflaheimilda skipsins Þórs HF-4, Stálskipa ehf, vegna skilyrða 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, um andmælarétt.

Þegar skýringar og rökstuðningur aðila liggja fyrir mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort ófrávíjanlegum skilyrðum bráðabirgðaákvæðisins sé fullnægt. Verði niðurstaða ráðuneytisins

sú að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt mun ráðuneytið taka afstöðu til frekari aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Við slika ákvörðun mun ráðuneytið kanna réttaráhrif þess að framsalshafi hafi ekki tilkynnt fyrirhugað framsal aflaheimildanna til Fiskistofu skv. bráðbirgðaákvæðinu og hvaða þyðingu framsal umræddra aflaheimilda til þriðja aðila hafi á niðurstöðu málsins.

Þess er óskað að álit Hafnarfjarðarkaupstaðar berist ráðuneytinu fyrir 16. apríl 2104.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Jóhann Guðmundsson



Baldur P. Erlingsson

Fylgiskj.: Umsögn Fiskistofu.

Ljósrit: Byggðastofnun,  
Fiskistofa,  
Stálskip ehf.